



Bryggjufestival 16. júní 2016

Við kvenfélagskonur ætlum að endurtaka leikinn frá í fyrra vegna fjölda áskorana. Hátíðin verður 16. júní kl. 20:00-24:00 við höfnina, við áhaldahús hreppsins.

Það hefur ýmislegt gerst síðan síðast. Nú getið þið til dæmis mætt á snekkjum og kaþbátum og trillum því nú er komin þessi fina flotbryggja og svæðið í kring allt til fyrirmyndar. Nú verður gaman að koma saman og skoða fínheitin. Við varðveittum svuntubarinn og munum fylla á hann aftur og hann verður opinn. Posi á staðnum. Yfirskrifin er eins og í fyrra *..maður er manns gaman..*

Við komum saman á Eyrinni og ætlum ekki að hafa eins mikin vind og í fyrra. Gott er að hafa með sér dýnur eða sessur. Sætaferðir um ströndina á miðnætti sem leið liggur til Akureyrar.

Með kveðju,

Kvenfélagið

Sundlaugin

Sundlaugin verður opin sunnudaga til fimmtudaga í sumar frá kl. 15:00 - 19:00.

Næstu rusladagar

30. júní - Almennt sorp

7. júlí - Endurvinnsla

14. júlí - Almennt sorp

Frá Álfaborg/Valsárskóla

Kæru íbúar Svalbarðsstrandarhrepps.



Nú er skólastarfinu lokið í grunnskólanum og nokkrar vikur eftir fram að sumarfrí í leikskólanum.

Veturinn sem nú er að líða hefur verið skemmtilegur og viðburðaríkur. Hann hefur mótast talsvert af sameiningu Álfaborgar og Valsárskóla. Mikil vinna hefur farið í að samræma verklag og áherslur með það að markmiði að nýta það besta úr báðum skólum. Það er mitt mat að sameiningin hafi tekist vel og vinnan öll á réttri leið.

Í ár lauk grunnskólinn öðru ári í innleiðingu á nýrri skólastefnu í Leiðtogasamfélagið - Forysta til framtíðar. Stefnan byggir á þeim grunni sem lagður hefur verið í Uppbyggingarstefnunni með áherslu á jákvæði og heiðarleg samskipti, mikilvægi þess að horfast í augu við eigin kosti og galla og vinna að því að þroska hæfileika sína til góðs.

Næsta vetur halda ekki allir starfsmenn skólans áfram störfum. Matráðurinn okkar Finnur Bjarnason hættir hjá okkur eftir margra ára starf. Í hópinn okkar á næsta ári bætast tveir nýir starfsmenn. Borghildur María Bergvinsdóttir verður nýr matráður í grunn- og leikskóla og Þórdís Eva Þórólfsdóttir leikskólakennari mun hefja störf í leikskólanum.

Sú breyting hefur orðið á starfsemi skólans síðustu vikur að Tónlistaskóli Svalbarðsstrandar hefur verið sameinaður Álfaborg/Valsárskóla. Helga Kvam hefur látið af störfum en nýr deildarstjóri við tónlistardeildina er Diiu Laur sem kennt hefur m.a. við Tónlistaskóla Akureyrar. Það er gaman að segja frá því að nú hefur verið lokið við að ráða kennara í allar stöður í tónlistadeildinni og því verður hægt að bjóða upp á nám í öllum þeim greinum sem boðið var uppá í vetur.

Um leið og ég óska ykkur öllum gleðilegs sumar vil ég nota tækifærið og þakka fyrir samstarfið í vetur.

Ég hlakka til að vinna með ykkur á næsta ári.

Inga Sigrún Atladóttir skólastjóri Álfaborgar/Valsárskóla

Ungbarnadeild - auglýsing

Pann 1. september næstkomandi tekur til starfa ungbarnadeild við leikskólann Álfaborg. Opnað hefur verið fyrir umsóknir fyrir börn á aldrinum 9 til 18 mánaða á vefsíðu skólans.

Umsóknareyðublað á heimasíðunni undir efnisflokknum foreldrar.

Frjálsípróttæfingar

Frjálsípróttæfingar á vegum Æskunnar hefjast þriðjudaginn 14. júní kl. 13:00 og er um klukkutíma langar æfingar að ræða. Þjálfari til að byrja með verður Unnar Vilhjálmsson sem er þrautreyndur frjálsípróttþjálfari. Bjarki Gíslason mun síðan taka við af Unnari í júlí og verður út sumarið. Fyrst í stað verður ein æfing í viku en líklega mun þeim fjölga í tvær í júlí. Æfingarnar eru opnar öllum 6 ára og eldri og eru gjaldfrjálsar þökk sé myndarlegum styrk Kjarnafæðis til félagsins.

Fjáröflun unglíngadeildar Valsárskóla

Klósettpappír: 48 WC-rúllur kosta 7.000 kr., 24 WC-rúllur kosta 3.500 kr. Til að panta pappír má hafa samband við Jónu Valdísi í síma 848-7214 eða í tölvupósti á netfangið jonav@internet.is.

Bókasafn

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er í Ráðhúsinu á Svalbarðseyri. Það er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Litið um öxl

Þessi frétt birtist í Degi 25. júní 1966:

SLÁTTUR HEFST Í JÚNÍLOK

Leifshúsum Svalbarðsströnd 22. júní. Vorið var kalt og kom því gróður allmiklu seinna en undanfarin vor. 26. maí mátti heita gróðurlaust, en eftir það hlýnaði og tún byrjuðu að spretta. Sumsstaðar var því kominn sauðgróður á þau fyrstu dagana í júní. En það var fyrst eftir 10. júní að grasvöxtur tók verulegan fjörkipp, og vikuna 12.-19. júní þaut upp gras, bæði á túnunum og í úthaga.

Það eru því líkur til að sláttur geti hafizt á best sprottnu túnunum í næstu viku, þ.e. fyrir júnílok.

Vegna mikils klaka í jörð, og vorkuldanna, voru kartöflur settar niður með seinna móti, eða víðasthvar á tímabilinu 1.-10. júní.

Sauðburður gekk yfirleitt vel og sauðfé var vel framgengið, enda nóg hey í sveitinni í heild, þrátt fyrir óvenjulegan gjafatíma. Vegna gróðurleysis í úthaganum, var sauðfé beitt á túnin fram yfir miðjan júní, og sumsstaðar fram á þennan dag.

Eitt tófugreni er búið að vinna í vor hér í Vaðlaheiðinni. Það gerði Ottó Guðnason, en hann hefur um margra ára skeið verið grenjaskytta sveitarinnar.

Dagur, 48. tbl. (25.06.1966), bls. 1

http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2657768

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 21. júlí.